

Mánudaginn 11. septembermánaðar.

Nr. 1/1893:

Árni Gíslason sem eigandi Holts
í Mýrdal

gegn

Þórarni presti Þórarinssyni sem
umráðamanni prestssetursins
Fells.

D ó m u r :

Mál þetta, sem er út af ágreiningi um landamerki milli prestssetursins Fells í Mýrdal og bændajardarinnar Holts sama staðar, var dæmt í landamerkjadómi Skaptafellssýslu 29. júní f. á. þannig, að landamerki milli greindra jarða skyldu vera þessi: Úr Stóru-Kringlu beina sjónhending yfir markstein við »Landa-dýið« fyrir austan Fellsrjett, hið næsta fjallinu, í markstein á mýrarjaðrinum fram við aurinn, úr þessum markstein bein lína suður og fram aurinn til þess er hornið á Máfadrang sjest undan Skeiðflatarhlíðinni og innri brún Hrosshamra undan Kristínarkletti. Að öðru leyti skyldi málinu vísað frá dómi. Málskostnaður skyldi falla niður, en dagpeningar meðdómenda, 51 kr., og málflutningslaun hins skipaða sækjanda af hálfu Fells, 25 kr., greiðast úr opinberum sjóði.

Dómi þessum hefur eigandi Holts, fyrverandi sýslumaður Árni Gíslason í Krísvík, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. jan. þ. á., og krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til nýrrar og löglegri dómsáleggingar, og að sjer verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins. Af hálfu stefnda, sem hefur fengið gjafvörn og skipaðan talsmann hjer fyrir rjettinum, hefur þess apt-

ur á móti verði krafizt fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, og að hinum skipaða talsmanni stefnda verði dæmd hæfileg málsfærslulaun.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að afstöðuuppdráttur sá yfir þrætulandið, er fram er kominn í málinu, sje svo ónákvæmur, að ekkert gagn sje að honum; en þar sem yfirdómurinn getur lagt dóm á málið, eins og það liggur fyrir, án tillits til þess, þótt einhverjir gallar, sem stefndi hefur þó eigi tilgreint, kynnu að vera á uppdrættinum, þá verður þessi frávisunarkrafa eigi tekin til greina.

Landamerkjadómurinn hefur eigi álitid, að fram væri komið af hálfu hvorugs málsaðila neitt það, er talið yrði lögfull sönnun fyrir landamerkjum eða lög-mæt heimildarskilríki fyrir hinu umþrætta landi, og hefur hann því ákveðið merkin eptir líkum og því, er honum hefur þótt landslag og staðhættir helzt benda til. Allt fyrir það fram komu fyrir merkjadóminum af hálfu áfrýjanda skilríki fyrir því, að með yfirrjettardómi 7. október 1867 hefur verið lagður dómur á landaþrætu milli þessara hinna sömu jarða, og snertandi einmitt þetta sama þrætuland, og var þá eigandi Holts dæmdur frí fyrir kærnum og kröfum hlutadeigandi prests sem umráðamanns Fells, en skilríkjum þessum var enginn gaumur gefinn af merkjadóminum og engin þýðing lögð í þau. Þar sem nú landamerkjadómurinn eigi hefur tekið neitt tillit til nefnds yfirrjettardóms, sem áður er genginn um eignarrjettinn að hinu sama þrætulandi, sem hjer er spurning um, og sem eigi sjest að hafa

verið felldur úr gildi af æðra dómi, þá verður að álíta, að hann hafi gjörzt sekur í lögleysu að efni til í dómi sínum, og ber því samkvæmt kröfu áfrýjandans að dæma hinn áfrýjanda dóm ómerkan og að vísa málinu heim aptur. Málskostnaður virðist eptir atvikum mega falla niður. Hinum skipaða talsmanni stefnda verða eigi eptir úrslitum málsins dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi landamerkjadómur á að vera ómerkur og vísað málinu heim aptur. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. októbermánaðar.

Nr. 37/1893:

Rjettvísinn

gegn

Guðmundi Þórðarsyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem höfðað var í hjerði gegn hinum ákærða Guðmundi Þórðarsyni, vinnumanni á Ytri-Hrafnabjörgum í Hörðudalshreppi í Dalasýslu, fyrir tilraun til saubapjófnadar, var ákærði með aukarjettardómi Dalasýslu, uppkveðnum 4. apríl þ. á., dæmdur sýkn fyrir kæru rjettvísinnar í málinu, en skyldaður til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.